

# Dreifing á dagskrá RÚV um gervihnött



## Markmið Fjarskiptaáætlunar

- Dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjábýlla svæða, verði stafræn um gervihnött.

1. febrúar 2007 var skrifað undir samning til þriggja ára við norska fjarskiptafyrirtækið Telenor um sendingar Ríkisútvarpsins: Sjónvarpsins, Rásar 1 og Rásar 2, til dreifbýlissvæða á landinu og næstu miða um Thor II gervihnöttinn, sem er jarðstöðuhnöttur í 35.786 km hæð yfir miðbaug á 0,8 gráðum vestur. Endurvarpi nr. 13, tíðni 11.403 GHz, FEC 7/8, Symbol Rate 24.500 Mbaud. Útsendingar hefjast í byrjun apríl.

## Til að ná útsendingum þurfa notendur eftirfarandi búnað

### Gervihnattadiskur:

- 90-120 cm þvermál, breytilegt eftir gæðum móttökubúnaðar og staðsetningu á landinu.
- Mælt er með nægilega öflugum diskum og festingum til að þola versta vetrarveður.
- Sjónlína þarf að vera til hnattarins, og stilla þarf diskinn nákvæmlega í átt til gervihnattarins Thor II, sem er í suðsuðausturátt u.þ.b. 15 gráður yfir sjóndeildarhring, en nokkuð breytilegt eftir hvar er á landinu.
- Hægt að kaupa hjá söluaðilum gervihnattabúnaðar.

### Gervihnattaviðtæki:

- Þarf að geta tekið við þessum sendingum og hafa rauf fyrir aðgangskort samkvæmt Conax myndlyklakerfinu.
- Þarf að vera prófað hjá söluaðila og virka með aðgangskorti RÚV.
- Hægt að kaupa hjá söluaðilum gervihnattabúnaðar.

### Aðgangskort:

- Útsendingar Sjónvarpsins verða í læstri dagskrá vegna rétthafasamninga RÚV.
- Fást á kostnaðarverði hjá RÚV, en verða þó endurgreidd greiðendum afnotagjalda á fiskiskipum með gervihnattakúlu og á þeim stöðum í dreifbýli með búsetu allt árið, sem hafa slæm móttökuskilyrði Sjónvarps og þessum gervihnattasendingum er ætlað að bæta úr samkvæmt markmiði Fjarskiptaáætlunar.

FJARSKIPTASJÓÐUR



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ